

Fwd: Umboð til kjarasamningsgerðar - ÍTREKUN

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : Guðmundur Gunnarsson
Heiti : Fwd: Umboð til kjarasamningsgerðar - ÍTREKUN
Málsnúmer : 2019010076
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 22.01.2019 20:30:43
Höfundur : Guðmundur Gunnarsson

Viðhengi image001.jpgimage001.jpg
image002.gifimage002.gif

Eigum við nokkuð eftir að ganga frá þessu?

Kveðja,
GG

Begin forwarded message:

From: Berglind Eva Ólafsdóttir <berglind.eva.olafsdottir@samband.is>
Date: 22 January 2019 at 10:07:58 GMT
To: undisclosed-recipients;;
Subject: Umboð til kjarasamningsgerðar - ÍTREKUN

Ágæti viðtakandi

Við þökkum þeim sveitarfélögum sem nú þegar hafa sent til okkar uppfært umboðseyðublað. Enn eru nokkur sveitarfélög sem eiga eftir að senda til okkar uppfært eyðublað og viljum við biðja þau um að bregðast við sem allra fyrst.

Eins og áður hefur komið fram er afar mikilvægt er að enginn vafi ríki um umboð samninganefndar sveitarfélaga þegar hún sest við samningaborðið með stéttarfélögum starfsmanna sveitarfélaga.

Eyðublað fyrir kjarasamningsumboð er hægt að nálgast á [HÉR](#) heimasíðu sambandsins.

Bestu kveðjur,
Berglind



Berglind Eva Ólafsdóttir
sérfræðingur
Beint innval: 515 4914
Netfang: berglind@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

From: Inga Rún Ólafsdóttir <inga.run.olafsdottir@samband.is>

Sent: þriðjudagur, 4. desember 2018 06:03

To: Inga Rún Ólafsdóttir <inga.run.olafsdottir@samband.is>

Subject: Umboð til kjarasamningsgerðar

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Á næsta ári renna út allir kjarasamningar sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Hvert sveitarfélag veitir sambandinu umboð til kjarasamningsgerðar vegna hvers og eins stéttarfélags sem starfsmenn þess eiga aðild að. Vegna komandi kjaraviðræðna er því nauðsynlegt að sveitarfélögin yfirfari og endurnýji kjarasamningsumboð sín til samræmis við núverandi stöðu og sendi kjarasviði sambandsins. Mikilvægt er að enginn vafi ríki um umboð samninganefndar sveitarfélaga þegar hún sest við samningaborðið með stéttarfélögum starfsmanna sveitarfélaga nú eftir áramótin.

Að þessu sinni kynnum við uppfært umboðseyðublað sem breytt hefur verið með tilliti til ákvæða persónuverndarlaga og þar sem staðfest er skylda sveitarfélaga til að gefa kjarasviði sambandsins upplýsingar um laun starfsmanna sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að reikna út kostnaðaráhrif af þeim breytingum sem gerðar verða á kjarasamningum. Umboðseyðublaðið má finna hér á [heimasíðu sambandsins](#).

Vinsamlega sendið uppfærð kjarasamningsumboð til kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir 20. janúar á netfangið bergilind@samband.is

Með góðri kveðju,



Inga Rún Ólafsdóttir

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928

Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Fyrirvari um tölvupóstsendingar